

Og nú fást mér blærinn, er bulðrar við strá,  
 hvert brinsög, hvert fuglskvak við græði,  
 hvert bergmál, hver árnidur afdökum frá,  
 hvert Íslendings hjartaslag, leyndasta þrá, —  
 einn óslitinn hljómur úr aettjardarkvæði,  
 er ómar frá jöklum að flaði.

## III.

Eg dvel hjá þér, Ísland, ó, aettjörð mín kær,  
 í anda svo fjölmarga stund.  
 Og þú ert mér hjartkarri' og hug mínum nær.  
 en hávaða lýðsins —þótt búi' eg þér fjar—  
 er byggir þín andnes og afdali' og lengst út við sund.

Því ástin ei varir né vex, sé hún mæld  
 á vog eða stegld undir lás.  
 Og víf því ei börn þín, þótt verði þau tæld  
 af vordraumum sínum um metorð og sæld,  
 og un' ekki heima sem klafaðir kálfar á bás.

Það er ekki' af skorti á einlægum hug,  
 þótt orku hér bresti' oss og magn.  
 Því brennandi æfistrit eyddi vörn dug,  
 og anda þann vængstýfði', er leitaði' á flug.  
 Og erlent var tjóðrið og taumurinn erlendra gagn.

Svo fellur úr tölunni einn eftir einn  
 í útlendings fáskrýdda gröf.  
 Og ef til vill verð eg sem aðrir of seinn,  
 því austrið er fjarri, þótt vegur sé beinn  
 um sléttur og klungur, um alvídd og ómælis höf.